Andlát

Guðrún Bernhöft-Marr lést í Edinborg 15. október.

Ásgerður Guðjónsdóttir, Grenimel 23, andaðist í Landspítalanum 17. október.

Ester Georgsdóttir, Barónsstíg 16, Reykjavík, lést í Landspítalanum þann 17. október.

Jarðarfarir

Ingibjörg Laufey Pálmadóttir verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 20. október kl. 15.

Ísleifur Einarsson, Strandarhjáleigu, Vestur-Landeyjum, verður jarðsunginn frá Akureyjarkirkju laugardaginn 22. október kl. 14.

Útför **Magnúsar Stephensen,** fer fram fimmtudaginn 20. október kl. 10.30 frá Fossvogskirkju.

Ólöf Grímea Þorláksdóttir (Gríma) lést 9. október sl. Hún var fædd 25. september 1895 að Lambanesreykjum í Austur-Fljótum, Skagafirði. Foreldrar hennar voru Þorlákur Þorláksson og Margrét Halldóra Grímsdóttir. Gríma var tvígift. Fyrri maður hennar var Páll Jónsson, en hann lést árið 1938. Þau eignuðust tvö börn saman. Eftirlifandi eiginmaður hennar er Sigursveinn D. Kristinsson. Útför Grímu verður gerð frá Háteigskirkju í dag kl. 15.

Tilkynningar

Vetrardagskrá félagsstarfs aldraðra hjá Reykjavíkurborg

Fréttabréf um málefni aldraðra hjá Reykjavíkurborg, sem sent er öllum Reykvíkingum, 67 ára og eldri, er nú komið út í þriðja skipti á þessu ári. Félags- og þjónustumiðstöðvar hjá Reykjavíkurborg eru nú orðnar 9 talsins sem opnar eru fyrir alla Reykvíkinga, 67 ára og eldri. Öflugt og fjölbreytt vetrarstarf er nú hafið á öllum stöðunum og kennir þar margra grasa. Fyrir utan hárgreiðslu, fótsnyrtingu, baðþjónustu og matarþjónustu eru í gangi fjölbreytt námskeið í smíðum, handavinnu, teiknun og málun, sundi, bókbandi, íþróttum, leirmunagerð, ensku o.fl. Allar nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu félagsstarfsins í Hvassaleiti 56–58 í síma 689671.

Skíðadeild ÍR

heldur upp á 50 ára afmæli sitt í Skíðaskálanum í Hveradölum 1. vetrardag, 22. október, kl. 19. Rútuferðir frá ÍR-húsinu, Túngötu, og ÍR-húsi í Mjódd kl. 18.30. Upplýsingar í síma 72206 og 71412. Miðasala í Sportmarkaðinum, Skipholti 50, og Rakarastofunni, Vesturgötu 48.

Byggung afhendir síðustu íbúðirnar á Seltjarnarnesi

Fyrir skömmu afhenti Byggung 14 íbúðir við Austurströnd á Seltjarnarnesi og er það jafnframt lokaáfangi byggingarframkvæmda félagsins á Seltjarnarnesinu. Nú er unnið við smíði 87 íbúða í Selásnum ofan við Árbæ í Reykjavík og er reiknað með að þær verði afhentar eigendum á tímabilinu frá okt. til jan. 1989. Á myndinni er Jón Baldvinsson, framkvæmdastjóri Byggung, að afhenta Sjöfn Kolbeins lyklana að nýrri og fullfrágenginni íbúð við Austurströnd á Seltjarnarnesi.

Ný rokkhljómsveit í Zeppelin

Fimmtudaginn 20. október hefur feril sinn ný og fersk rokkhljómsveit. Ber hún nafnið **Stiftamtmannsvalsinn.** Liðsmenn eru: Aðalsteinn Bjarnþórsson, gítar, Bjarni Tryggvason, söngur, Flosi Þorgeirsson, bassi, og Hallur Ingólfsson, trommur. Hljómsveitin var stofnuð í byrjun júlí og hefur verið lokuð inni við æfingar þar til nú nýverið er lykillinn fannst. Hljómsveitin leikur aðallega tónlist eftir liðsmenn en bregður einnig gömlum glitkornum í nýjan búning. Hljómsveitin mun leika, eins og fyrr segir, á fimmtudagskvöld í veitingahúsinu Zeppelin.

Nýr ritstjóri að Iceland Horse

Anders Hansen blaðamaður hefur verið ráðinn ritstjóri að tímaritinu Iceland Horse í stað Guðmundar Birkis Þorkelssonar sem tekið hefur við skólastjórn í Fjölbrautaskóla Húsavíkur. Það er Uppruni hf. sem gefur tímaritið út og kemur það nú bæði út á ensku og þýsku. Á ensku nefnist ritið Iceland Horse International og á þýsku Island Pferd International. Ætlunin er að fjölga nú tölublöðum og til athugunar er að gefa ritið einnig út á dönsku. Tímaritið er nú selt í áskrift til eigenda og áhugamanna um íslenska hestinn víða um heim. Anders Hansen hefur um árabil starfað við blaðamennsku og meðal annars ritað um hrossarækt og hestamennsku í dagblöð og tímarit.

Kvikmyndir

Avant Garde kvikmyndasýning

Í kvöld verða sýndar nokkrar stuttmyndir eftir íslenska kvikmyndagerðarmenn í Bíókjallaranum. Stuttmyndir eru fremur sjaldgæft listform hér á landi og lítið verið sýnt af slíkum myndum. Vona aðstandendur sýningarinnar að sem flestir láti sjá sig og að áhugi fólks á stuttmyndum eigi eftir að glæðast. Einnig stendur til að Bíókjallarinn taki til sýningar á næstunni myndir eftir erlenda frumkvöðla í Avant Garde kvikmyndagerðarlist. Þau sem sýna í kvöld eru allt ungt fólk sem hefur numið listir í Ameríku. Þau heita: Kári Schram, Halldór Gunnarsson, Valtýr Þórðarson, Inga Sólveig og Þorfinnur Karlsson.

Tónleikar

Áskriftartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands


Fimmtudaginn 20. október nk. verða 2. áskriftartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói og hefjast þeir kl. 20.30. Stjórnandi verður Bandaríkjamaðurinn George Cleve og einleikari ungur, kínverskur fiðlusnillingur, Hu Kun að nafni. Á efnisskrá verða þrjú verk: Sinfónía nr. 93 eftir Haydn, Fiðlukonsert í D dúr eftir Mozart og Sinfónía nr. 4 eftir Carl Nielsen.

Ráðstefnur

Ráðstefna um hlutverk bókasafna

Ráðstefna um hlutverk bókasafna og lestur bóka verður haldin í Viðeyjarstofu fimmtudaginn 20. október nk. og hefst kl. 13.30. Félag bókasafnsfræðinga og Félag ísl. bókaútgefanda gangast fyrir ráðstefnunni sem hefst með ávarpi Sigurgeirs Sigurðssonar, formanns Sambands ísl. sveitarfélaga. Flutt verða erindi. Umræðuhópar fjalla síðan um bækur í upplýsingasamfélagi, breytta tíma – breytt bókasöfn, lestrarkunnáttu í nútíma þjóðfélagi og stöðu bókarinnar gagnvart öðrum fjölmiðlum. Ráðstefnustjóri er Hörður Bergmann. Ráðstefnan er öllum opin.

Tapað fundið



Svartur og hvítur högni týndur

Svartur og hvítur högni, sem heitir Snepill, tapaðist frá Seljahverfi miðvikudagskvöldið 5. okt. sl. Hann er vaninn. Þeir sem vita eitthvað um ferðir hans eru vinsamlegast beðnir að hafa samband í síma 76206 eða Dýraspítalann í síma 674020.

Námskeið

Námskeið fyrir reykingafólk

„Öndum léttar" er námskeið fyrir fólk, sem vill hætta reykingum. Jón Hjörleifur Jónsson verður aðalleiðbeinandi. Námskeiðið hefst í dag, 19. október, og stendur til 27. október. Það verður haldið í Flensborgarskóla, Hafnarfirði, og stendur yfir kl. 20–22 hvert kvöld. Innritun og upplýsingar eru í síma 13899 á skrifstofutíma og eftir það í s. 36655.

Fundir

Annað ráð ITC á Íslandi

Fyrsti ráðsfundur Annars ráðs ITC á Íslandi verður haldinn 22. október 1988 að Reynihlíð í Mývatnssveit. Fundurinn hefst kl. 10.30. Á dagskrá eru félagsmál og ýmiss konar fræðsla. Kl. 15 verður almennur umræðufundur um efnið „Hverju hefur jafnréttisbaráttan skilað Íslendingum?" Fundi slitið um kl. 17. Ferðatilhögun: Flug Rvík – Húsavík föstudag 21. okt. kl. 17.10 (ferð er frá flugvelli í Mývatnssveit). Flug Akureyri – Reykjavík laugardag kl. 20.30 (séð verður um ferð til Akureyrar). Gisting í 1 nótt í hótel Reynihlíð. Fundurinn er í umsjá ITC-deildarinnar Flugu í Mývatnssveit. Innan Annars ráðs ITC á Íslandi eru 8 deildir: Fluga, Mývatnssveit, Gerður, Garðabæ, Íris, Hafnarfirði, Irpa og Kvistur, Reykjavík, Korpa, Mosfellsbæ, Mjöll og Rún, Akureyri.

Digranesprestakall

Kirkjufélagið heldur sinn fyrsta fund á þessu hausti í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg fimmtudaginn 20. október kl. 20.30. Þorbjörg Daníelsdóttir segir frá Bandaríkjaferð og sýnir myndir. Kaffiveitingar. Nýir félagar og gestir velkomnir.

ITC-deildin Björkin

heldur fund að Síðumúla 17 í kvöld, 19. okt., kl. 20. Mætum stundvíslega. Allir velkomnir.

Menning

DV

Af börnum og barnavinum

Á Kjarvalsstöðum standa nú yfir fjórar harla ólíkar sýningar þó e.t.v. megi segja að þáttur hins barnslega sé þar hvergi fjarri gamni.

Sverrir Ólafsson sýnir skúlptúra í Austursal. Skúlptúrar Sverris eru óvenju maleríkir. Fljótt á litið virðist ótrúlegt að þarna séu myndir úr járni og stáli. Við sjónum blasa kómísk „fjörfés" og litskrúðugir furðufuglar. Sverri er greinilega gefin sú náðargáfa að geta glætt líf og leitt fram það broslega með hinu kalda og ómeðfærilega. Nýexpressjónisminn er greinilegur áhrifavaldur í verkum Sverris. Hans túlkun fylgir á marga lund New York-straumnum þar sem aukin áhersla er á sameiningu skúlptúrs og málverks, samanber t.a.m. verk súperstjarnanna Franks Stella og Keiths Haring. Líkt og ameríska séníin virðist Sverrir sækja í neðanjarðarpopphefð teiknimyndasögunnar. Þetta er sérstaklega áberandi í verkum eins og Drósin og dýrið og Pönk. Barnslegt græskuleysi er gegnumgangandi á sýningunni, einnig í þeim verkum sem eru ómáluð. Jafnvel svartir járnhnullungar eins og Píla, Einn tveir og þrír og Fjörfés geisla af kímni. Það hefðu að ósekju mátt fylgja fleiri slík fés með á þessa sýningu – og ekkert síður máluð en ómáluð.


Á göngum Kjarvalsstaða er reyndar nóg af kímnum fésum. Þar stendur nú yfir sýning á verkum barna af dagheimilum í Reykjavík. Skammt er að minnast sýningar á verkum barna frá Reggio Emilia á Ítalíu sem sett var upp á Kjarvalsstöðum síðastliðið vor. Sú sýning hefur örugglega kveikt uppeldisneista í mörgum því árangurinn af starfinu með börnunum var í senn vísindalega settur fram, ljóðrænn og áhugavekjandi. Sýning reykvísku dagheimilanna er að vísu ekki jafn markvisst unnin, e.t.v. vegna stutts aðdraganda, en þar kennir margra áhugaverðra grasa. Í Hlíðaborg eru forsendur fornleifafræðinnar t.a.m. kannaðar með því að safna rusli annars vegar í gamaldags óróa og hins vegar í nýmóðins. Þar fengu börnin líka að komast í snertingu við hina margeltu sauðkind og búa til líkneski af henni úr pappa og ullarlögðum. Börnin á Bakka endurskópu fjöruna, ugglaust mun fegurri en hún var, og í Hálsakoti fóru fram mjög hugmyndaríkar tilraunir í grafík. Ekki má gleyma Laugarselsskrímslinu ógurlega sem svífur yfir höfðum sýningargesta. Margt fleira skemmtilegt er þarna að sjá og vonandi að slíkar sýningar verði sem oftast í framtíðinni.

Sigrún Eldjárn hefur á liðnum árum lagt ýmislegt af mörkum til íslenskrar barnamenningar. Hún sýnir nú pínulítið fólk innan um risastóra steina í Vestursalnum. Aumingja fólkið virðist ekki fá við neitt ráðið og sveiflast um í allavega litum böndum eins og sirkusfólk. Hugmyndin minnir á stílbrögð franska teiknarans Folon sem notast reyndar fremur við ferkantað stórborgarlandslagið. Olíumyndir Sigrúnar eru hreinar og fínar og pent dregnar. Þrátt fyrir allt er þar enga ógn og skelfingu að finna. Eftirminnilegastar eru myndir númer 8–10. Þær eru stærstar umfangs en þar örlar líka á hugkvæmni í myndbyggingu. Dramatískir atburðir þurfa að umlykja allt og vera hráir í framsetningu. Vinnubrögð Sigrúnar virðast miðast um of við A-5 grafíkmyndir og myndskreytingar.

Guðrún Gunnarsdóttir vefari deilir Vestursalnum með Sigrúnu. Vefir hennar eru einfaldir og minimalískir. Sérstaklega eru hugstæð verkin Svart á rauðu og Ljós í myrkri en í báðum verkunum er bambustágum bætt skemmtilega inn í. Verk númer 2–4 eru blátt áfram og stílhrein. Öðru máli gegnir um flest hinna verkanna. Þar notar Sigrún pappa til að reyna að gefa verkunum andlistlyftingu að því er virðist. Því miður er árangurinn einungis sá að verkin verða viðvaningsleg og klaufaleg fyrir bragðið. En bambus og tágar eru ekkert út í hött. Er vefnaður jú ekki einskonar míkadó? -ÓE

Myndlist

Ólafur Engilbertsson



Drósin og dýrið, myndverk eftir Sverri Ólafsson. DV-mynd GVA

Fyrirlestrar

Hvað er gott kynlíf?

Eitt af því sem Kynfræðslan, Laugavegi 178, býður upp á eru mánaðarlegir fyrirlestrar fyrir almenning um kynferðismál. Í kvöld, 19. október, mun Jóna Ingibjörg Jónsdóttir kynfræðingur M.S.Ed flytja fyrirlestur sem ber heitið „Hvað er gott kynlíf?" en hvað telst gott kynlíf er mismunandi eftir menningu og verðmætamati hvers þjóðfélags. Jóna Ingibjörg ætlar m.a. að fjalla um mikilvægi líkamlegrar snertingar og munúðar yfir lífsskeiðið, fullnægingarmiðað kynlíf vs. ánægjukynlíf, þróun kynlífshegðunar í dag, einkenni jákvæðra kynferðislegra samskipta og nokkrar niðurstöður rannsókna í því sambandi. Fyrirlesturinn hefst kl. 19.30, verður í stofu 101 í Odda (hugvísindahúsi Háskólans) og er opinn almenningi. Aðgangseyrir er 250 krónur.

	Gunnlaugsbúð	Árbæjarkjör	Kjörbúð Hraunbæjar	Nóatún, Rofabæ	B. Baldursson, Selásbraut	Árkaup, Ártúnshöfða	Munur á hæsta og lægsta verði	Meðalverð
River hrísgrjón 454 g	57	52	52	55	52,50	54	9,6%	53,75
Dansukker, dökkur	36,50		39	33,50			16,5%	36,30
Solgryn 950 g	110	109		109		116	6,5%	111
Colgate Fluor 75 ml	78,50	77		76			3%	77
Tómatar 1 kg	357	200	289	316	285	286	78%	288
Majónes Gunnars 400 g	98	102	98	97,50	105	102	7%	100
Íva þvottaduft 1 l	110	111	107,90	99	102	107,90	9%	106
Tómatsósa Libby's minni	56	64	62	56		64,50	15%	60,50
Svali 0,25 l	18	25	25	20	26	24	44%	23
Ajax Salmiak Plus 750 ml	104		102	99	105	104	6%	102,80
Fiskbollur Ora 830 g	199		233	209		228	17%	217,25
Kartöflur Ágæti 2 kg	235	252	252	240	289	235	23%	250
Sykur 2 kg	72	90	80	75	86	69	30%	78,60

Verð í verslunum í Árbæ og Grafarvogi

Vegna mistaka féll niður tafla sem átti að birtast með verðkönnun á neytendasíðu á mánudag. Taflan birtist hér og ætti að taka af öll tvímæli um verðmun milli einstakra verslana. -Pá